

Örnefni í nágrenni Þórisvatns

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-90-05

ÖRNEFNI Í NÁGRENNI ÞÓRISVATNS (Unnið vegna útgáfu jarðfræðikorta)

Við gerð jarðfræðikorta í mælikvarða 1: 50.000 af landssvæðunum kring um Þórisvatn hafa örnefni valdið mönnum nokkrum höfuðverk. Gömul örnefni eru fá en þeim mun meira er af nýjum nöfnum. Á fyrstu herforingjaráðskortunum í mælikvarða 1:100.000, atlasblöðunum svokölluðu frá 1943, voru aðeins 7 nöfn á Þórisvatnssvæðinu. Virkjanaumsvíf síðari ára hafa valdið því að slóðir Þórisvatns, sem áður voru afar fáfarnar, eru nú orðnar einar þær fjölförnuustu á hálendi Íslands. Jarðfræðingar og virkjanamenn hafa verið ötulir við nafngiftir en nöfnin hafa verið misþörf og misþjál í munni eins og gengur. Reglan er svo sú, þarna sem annarsstaðar, að vel heppnuð og þörf nöfn haldast en miður góð og óþörf nöfn tynast. Enn sem komið er eru örnefni þó ekki í föstum skorðum. Nafnaruglingur er nokkur, víða eru tvínefni og allmörg nöfn eru á reiki. Kortagerðarmönnum er sá vandi á höndum að fara rétt með og þeir bera oft ábyrgð á því hvaða örnefni lifa og hvar þau festast í sessi. Hér verður gerð grein fyrir því hvaða ástæður liggja að baki þeim örnefnum sem kortagerðarmenn Orkustofnunar nota á jarðfræðikortunum við Þórisvatn. Þetta eru tvö kortablöð í mælikvarða 1:50.000 sem bera heitin Sigalda-Veiðivötn nr.3340 og Botnafjöll nr.1913 IV. Einungis verður fjallað um örnefnin næst Þórisvatni.

Hugmyndir um virkjun við Þórisvatn koma fyrst fram á prenti í greinargerð frá Sigurði Thoroddsen í mars 1956 og þá um sumarið hófust rannsóknarboranir við Þórisós. Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur skrifaði stutta skýrslu um boranirnar þá um haustið. Þar koma sjónarmið hans til örnefna skýrt fram: *"Á þessu svæði er mjög lítið um örnefni og þau sem til eru eru fáum kunn. Á kortum er þarna nær örnefnalaust. Sökum þess að nafnlausir staðir verða ekki tilgreindir nema með málalengingum, hef ég spurst fyrir um örnefni í Þóristungum og við Þórisvatn hjá þeim fáum mönnum, sem þau þekkja, en það eru helst rosknir bændur austur í Holtum, því að sú sveit á þarna afrétt, sem raunar er hætt að nota fyrir löngu. Nokkur örnefni sem ég hef grafið upp með þessu móti eru notuð í þessari skýrslu. Auk þess hef ég búið til fáein "örnefni", sem ég nota hér innan gæsalappa, ekki í því skyni að þau festist, heldur til að geta nefnt staðinn einhverju nafni".* (Guðmundur Kjartansson 1956). Þrátt fyrir þessi orð Guðmundar hafa mörg af nýnefnum hans fest í sessi og eru komin á kort.

Í grófum dráttum skiptast örnefni við Þórisvatn í tvo flokka, gömul nöfn og ný. Skilin þarna á milli eru ekki glögg en þó má hugsa sér að þau verði upp úr 1920 en um það leyti fara ferðamenn að sjást við Þórisvatn. Gömlu nöfnin eru flest frá gangnamönnum og veiðimönnum komin. Sum þeirra kunna að hafa lifað allt frá fyrstu öldum Íslands byggðar. Þóris-örnefnin Þóristungur, Þóristundur, Þórisvatn og Þórisós hafa öll fornan hljóm. Önnur gömul nöfn eru Útigönguhöfði, Svörtuöldur, Ósöldur, Vatnsfell, Móalda, Álftafitjar, Grasetangi, Hvanngil, Botnaver og Botnafjöll.

Í gömlum skjölum kemur fram að allt það landsvæði sem nú nefnist Holtasmannaafreittur hét Þjórsártungur til forna. Í frægu dómsskjali, sem dagsett er að Skarði á Landi 25. júní 1476, er kveðið á um skýlausan rétt þeirra sem í Holtum og Landssveit búa til nota af þessu landi:

Var og svarið fyrir oss að þessi þessi afreittur Þiótzár Túngur hafi verið hafdr og haldinn til

lambareksturs og eldra fiar af þessum tveimur hreppum Landi og Holtum.

.... Því eptir þessum eijdi dæmum vér þeirra eign og afriett sem haft og haldið hafa í Holtum og á Landi sem eru og verið hafa til frá Túná og til Spreingi-Sands og vestur í Þiótzá og allt austur í fjallgarð svo langt sem vötn renna til og frá héraða í millum að riettri tiltölu Og aungver menn adrer meiga í þessum afriett fugla veiða, grös lesa, rötargröft hafa eður önnur gæði". (Ísl. fbs. VI bls. 81-82.).

Þótt Þórisvatn hafi vafalítið verið þekkt allt frá landnámstíð kemur það fyrst fram í heimildum hjá Sveini Pálssyni í ritgerðinni "Ferðin til Fiskivatna sumarið 1795". Sveinn fór um Þóristungur, síðan austur að Þóristindi, um Útkvísar- og Blautukvísarbotna (sem hann nefnir Þórisbotna) og til Veiðivatna. Þórisvatn sjálf sá hann ekki, getur þess aðeins að það sé þar skammt norður af. Fylgdarmaður hans, Jón Sigurðsson frá Þorleifsstöðum á Rangárvöllum, var vel kunnugur á þeim slóðum.

Á Íslandskortum sést Þórisvatn ekki fyrr en á korti Björns Gunnlaugssonar sem gefið var út í Kaupmannahöfn 1844. Þar er vatnið sýnt fremur smátt í sniðum og útlínur þess fjarri réttu lagi. Ósinn er sýndur falla norðvestur úr því til Köldukvísar og þarna sést örnefnið Þórisós í fyrsta sinn.

Á kortum danska herforingjaráðsins er Þórisós nefndur Útfall. Það nafn hefur haldist á 1:100.000 kortunum alla tíð og hefur nú flust yfir á 1:50.000 kortin, bæði AMS og hið nýja kort Landmælinga Íslands og Bandaríkjahers frá 1989, hér eftir nefnt DMA kortið. Ekki er vitað um uppruna þessa nafns því Þórisósheitið hefur jafnan verið notað af gangnamönnum sem höfðu tjaldstað við ósinn og af vatnamælingamönnum og öðrum virkjanamönnum. Ós Langasjávar heitir hins vegar Útfall. Eftir stíflugerðina við Þórisós er hann ekki lengur ós vatnsins og má muna sinn fífil fegri. Hann er þó ekki þurr því lindir koma upp undan stíflunni og stór lækur rennur um farveginn sem heldur gamla nafninu en Útfallsheitinu á ósnum ætti alfarið að hafna.

Eitt gleggsta kennileitið á austurströnd Þórisvatns er túffgígurinn Brandur. Hann er sérkennilega lagskiptur og lagskiptingin veldur því að hann sýnist bröndóttur við ákveðin birtuskilyrði. Nafnið er ungt, gefið af Guttormi Sigbjarnarsyni jarðfræðingi skömmu fyrir 1970. En til er eldra nafn. Gangnamenn höfðu gíginn að leiðarmiði og kölluðu hann Móöldu. Nafnið er lýtlaus en þó sviplítið. Í jarðfræðibókmenntum hefur Brandsnafnið fyrir löngu unnið sér hefðarrett og það er notað á jarðfræðikortunum þótt Móölduheitið sé auðvitað og a.m.k. jafnréttátt.

Í örnefnum þýða "botnar" gjarnan lindasvæði sbr. Blautukvísarbotnar, Rangárbotnar, Hnífárbotnar og Suðurárbotnar. Innst við Austurbotna er mikið lindasvæði. Þar var Botnaver, svolítill gróðurvin þar sem gangnamenn áttu næturstað í eftirleitum á Holtamannaafreitti. Malareíði gekk þar út frá ströndinni og girti dálitla tjörn frá aðalvatninu. Tjörnin virðist hafa verið nafnlaus þar til Orkustofnunarmenn tóku að nefna hana Botnavatn. Botnaver er ekki lengur til. Eftir að Þórisvatn var gert að miðlunarlóni hefur gróður ekki þrifist þar því þegar hátt er í vatninu er svæðið allt á kafi. Botnavatn hverfur þá líka.

Botnafjöll eru móbergfell sem standa í sveig fyrir Austurbotnum við Þórisvatn og taka fyrir alla útsýn frá vatninu. Hæsta fellið er Þveralda rúmlega 720 m y.s. og stendur þvert fyrir vatnsbotninum. Hún er merkt á korti Herforingjaráðsins en kemur fyrst fyrir á kortrissi í grein danska sendiherrans Fr. le Sage de Fontenay "Ferð til Vatnajökuls og Hofsjökuls sumarið 1925" sem birtist í Andvara 1926. Nafnið gæti verið komið frá Steinþóri Sigurðssyni jarðfræðingi en sumarið 1926 stundaði hann mælingar og jarðfræðiathuganir á þessum slóðum með

Pálma Hannessyni og Niels Nielsen, dönskum náttúrufræðingi og síðar prófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Botnafjallanafnið er frá Þorvaldi Thoroddsen runnið en hann fór norður með Þórisvatni í ferð sinni til Veiðivatna 1889. Þeir Þorvaldur gengu á hæsta fellið, horfðu yfir landið og snæddu nesti sitt. *"Þessar hæðir kölluðum við Botnafjöll",* segir Þorvaldur. *"Rétt niður af okkur til norðvesturs er stöðuvatn lukt hömrum og fjöllum á alla vegu. Það er nokkra minna en Skálavtn og liggur jafnhliða austurbotni Þórisvatns. Vestur af taka við enn hærra móbergsfjöll, sem ganga út á nesið, er skiptir Þórisvatni, en milli þeirra fjalla og Botnafjalla er dæld, og hefir þar runnið hraunálma niður í litla vatnið, sem ég nefndi".* (Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók II, bls. 269-270). Steinþór Sigurðsson jarðfræðingur nefnir Botnafjöll og staðsetningu þeirra í lýsingu sinni á leiðinni úr Veiðivötnum í Illugaver í Árbók FÍ 1940.

Nýja DMA kortið af þessu svæði, frá 1989, ber nafnið Botnafjöll. Nafnið er óheppilegt þar sem örnefnið er lítt þekkt, fjöllin ekki áberandi í landslagi og ekki fyrir miðju korti. Þar að auki er nafnið á skökkum stað. Það er haft á Svörtuöldum norður af Útigönguhöfða. Bæði þessi nöfn eru gömul og voru notuð af gangnamönnum (sjá Göngur og réttir I). Heppilegra nafn á Botnafjallakortið hefði verið Þórisós. Örnefnið Botnafjöll hefur verið á reiki, Guðmundur Kjartansson sýnir það t.d. á Svörtuöldum á jarðfræðikorti sínu af Miðsuðurlandi frá 1962. En rétt skal vera rétt og nafnið Botnafjöll er eðlilegt nafn á fjöllum sem rísa upp af Botnaveri og Botnavatni og standa þögulan vörð um Austurbotna Þórisvatns.

Ekki er ljóst hvenær austurflói Þórisvatns fékk nafnið Austurbotnar (eða Austurbotn) en nafnið sést hjá Sigurjóni Rist strax 1956 og í Þórisvatnsskýrslum OS frá 1970 er það notað. Nafnið hefur ýmist verið notað í eintölu eða fleirtölu. Eintölumyndin er t.d. á jarðfræðikortunum Sigalda - Veiðivötn 3340 frá OS og LV. Fleirtölumyndin Austurbotnar er þó rökréttara nafn og í samræmi við Botnaver og Botnafjöll, þess vegna er hún tekin upp á Botnafjallakortunum. Á Botnafjallakorti Landmælinganna er Austurbotn kallaður Austurflói. Það örnefni hefur ekki sést áður. Ýmsir hafa þó talað um austurflóa vatnsins og norðurflóa en þar eru orðin höfð sem samheiti. Austurbotn getur í raun alls ekki borið flóanafn, hann er þröngur fjörður.

Á jarðfræðikortum eru oft skráð jarðfræðileg heiti jarðmyndana án þess að gerður sé greinarmunur á þeim og hefðbundnum örnefnum. Jarðfræðingum er illa við að kalla eitt og sama hraunið mörgum nöfnum. Á sama hátt er þeim í nöp við eitt sameiginlegt nafn á mörgum hraunum. Þeir hafa þá meginreglu að kenna hraun við eldstöð sína eða stað í grennd við upp-tökin. Dæmi um það eru Rauðhólshraun og Drekhraun austan Þórisvatns. Oft er eldstöðin óþekkt og þá má t.d. skýra eftir útlitseinkennum t.d. Máðahraun eða Háahraun, Tröllahraun eða Flagðahraun.

Veiðivatnahraun er vandræðanafn. Það kemur fyrst fyrir á herforingjaráðskortunum sem heiti á öllu hraunaflæminu milli Tungnár og Köldukvíslar allt sunnan frá Hófsvaði og norður fyrir Gjáfjöll. Á kortum hefur nafnið síðan einhvernvegin fest við hraunin austan Þórisvatns víðs-fjarri Veiðivötnum. Jarðfræðirannsóknir hafa leitt í ljós að Veiðivötn sjálf gusu, eða urðu til í stórgosi, um 1480. Hraunið sem þá kom upp er hið eina sanna Veiðivatnahraun í munni jarðfræðinga. Þannig er það líka merkt á jarðfræðikortin. Þess ber að gæta að enn sem komið er a.m.k. hafa flest hraunanöfnin á kortunum ekki unnið sér sess sem örnefni enda er oft engin þörf á því að jarðfræðileg hraun beri heiti sem jafnframt eru örnefni.

Heljargjá er sigdalur mikill sem teygir sig til norðausturs milli Þórisvatns og Veiðivatna allt norður í Vatnajökul. Fr. la Sage de Fontenay kom fyrstur manna að Heljargjá með förunautum sínum 1925. Hann gaf henni nafnið. Hún skerst um Gjáfjöll (Gjáfjöll) sem aftur draga nafn af gjánni. Á fyrstu herforingjaráðskortunum voru Gjáfjöll nefnd Helgrindur en við endur-

útgáfu þeirra hefur nafnið horfið. Ekki hefur tekist að grafa upp tildrög þess að þetta Snæfellska örnefni var tekið upp á þessum slóðum. Frá því hefur verið horfið enda munu flestir sammála um að nóg sé að hafa svo bragðmikið örnefni á einum stað á landinu. Suðvestan við fjöllin standa þrjú miklir túffgígir með nokkru millibili á gjánni; Máni, Fontur og Saxi. Fontur er þeirra mestur. Sagt er að Pálmi Hannesson hafi skírt hann í höfuðið á Fontenay er þeir skoðuðu saman suðurhluta Heljargjár sumarið 1926. En nafnið er jöfnum höndum náttúrufornafni því gígurinn líkist risastórum fonti. Löngu síðart skírði Guttormur Sigbjarnarson hina gígana. Máni er hálfmánalaga og Saxi ber mikil ör þar sem misgengi og sprungur gjárinnar skera hann. Máni, Fontur og Saxi í Heljargjá eru kempuleg nöfn og við hæfi. Í grenndinni er Dreka vatn og móbergsfellið Dreki sem líkist óvætti sem lögð hefur verið að velli þar í hrauninu. Það er stíll yfir nafngiftum hér og þær lýsa landslaginu með þeim brag sem best á við á þessum fornu útilegumannaslóðum.

Heimildir

- Bjarni Kristinsson og Þórólfur H.Hafstað 1984: Stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Jarðfræðirannsóknir sumarið 1983. OS-84013/VOD-08 B.
- Björn Gunnlaugsson 1844: Uppdráttur Íslands. Í Íslands kortlægning. Nörlund 1944.
- Bragi Sigurjónsson 1948: Göngur og réttir 1. Bókaútgáfan Noðri, Akureyri.
- Elsa G. Vilmundardóttir 1977: Tungnárhraun.
- Fontenay, Fr. le Sage de 1926: Ferð til Vatnajökuls og Hofsjökuls sumarið 1925. Andvari 21, 99-144.
- Guðmundur Kjartansson 1956: Skýrsla um jarðfræðirannsóknir við Þórisvatn sumarið 1956. Raforkumálastjóri, Reykjavík.
- Guðmundur Kjartansson 1959: Skýrsla um jarðfræðirannsóknir sumarið 1958 vegna hugsanlegra virkjana við Þórisvatn, í Fossárdal, við Hvítárvatn. Raforkumálastjóri, Reykjavík.
- Guðmundur Kjartansson 1962: Jarðfræðikort, Miðsuðurland. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Guttormur Sigbjarnarson 1972: Vatnafræði Þórisvatnssvæðis. Orkustofnun
- Haraldur Sigurðsson 1988: Veidivötn - land og saga. Árb. F.Í. 1988, 116-148.
- Íslenzkt fornbréfasafn VI. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1900-1904
- Landmælingar Íslands 1989: Botnafjöll 1913 IV.
- Lesbók Morgunblaðsins 21. ágúst 1927: Seinasta landkönnunarferð Fontenays sendiherra til Vatnajökuls.
- Morgunblaðið 6. sept. 1925: Vatnajökulsferð Fontenays sendiherra.
- Nörlund, N.E. 1944: Íslands kortlægning. Kaupmannahöfn.
- Orkustofnun 1970: Þórisvatn, geological report.
- Pálmi Hannesson 1958: Frá óbyggðum, ferðasögur og landlýsingar. Bókaútg. Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Sigurður Thoroddsen 1956: Virkjun Þórisvatns - Álitsgerð.
- Sigurjón Rist 1956: Vetrarmælingar í Þjórsá og þverám hennar og Hvítá við Hvítárvatn veturinn 1955-1956. Raforkumálastjóri, Reykjavík.
- Steinþór Sigurðsson 1940: Leiðin frá Veidivötnum í Illugaver. Árbók F.Í. 1940, 27-32.
- Sveinn Pálsson: Ferðabók Sveins Pálssonar, dagbækur og ritgerðir. Snælandsútgáfan Reykjavík 1945.
- Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók II. Snæbjörn Jónsson og Co. Reykjavík 1959.

ÖRNEFNI VIÐ ÞÓRISVATN

Nafn	Fyrsta heimild	Höfundur	Aths.
Austurbotn(ar)	S.Rist 1956		
Álftafitjakvísl			= Rjúpnadalsskvísl
Álftafitjar			
Botnafjöll	ÞTh.1889	ÞTh.	
Botnavatn	ÁH1990		
Botnaver			
Brandur	OS 1970	Guttormur	= Móalda
Dálkur	OS 1979	Guttormur	
Dreki	Guttormur 1972	Jón Eyþórsson	
Drekavatn	ÁH 1988	Guttormur	
Fellsendavatn (vötn)	G.Kj. 1961		
Fellsfit	G.Kj. 1959		
Fitjarvík	G.Kj. 1956	G.Kj.	
Flekavík	OS 1970		
Fontur	Herf. 1943	Pálmi Hannesson	
Gjálfjöll	Pálmi Hannesson 1958		
Grasatangi	G.Kj.1959		= Mosatangi
Gutti	OS 1984		
Harðhausar	G.Kj. 1959	Sigurður Thoroddsen	
Helgrindur	Herf.1943		= Gjálfjöll
Heljargjá	Mbl. 1925	de Fontenay	
Hvanná	S.Rist 1959		
Hvanngil	Göngur og réttir 1948		
Höfðasporður	ÁH 1988		
Kambar	OS 1970		
Klofnafell	OS 1970	EGV	
Launvötn	G.Kj. 1956	G.Kj.	Efra- og Neðra-Launvatn
Launöldur	G.Kj. 1959	G.Kj.	
Máni	Guttormur 1972	Guttormur	
Mosatangi			= Grasatangi
Móalda	Göngur og réttir 1948		= Brandur
Ósalda fremri	G.Kj. 1959		
Ósalda innri	G.Kj. 1959		
Óslón	OS&LV	OS&LV	
Ósöldur	G.Kj. 1954		
Rauðhóll	Pálmi Hannesson 1927		
Rjúpnadalsskvísl	OS 1970		= Álftafitjakvísl
Rjúpnadalur	G.Kj. 1959		
Sauðafellslón	OS&LV		
Saxi	EGV 1977	Guttormur	
Skeifa	OS 1970	EGV	
Skeifuhraun	OS 1970	EGV	
Sköflungur	OS 1970	Guttormur	
Snoðnafit	G.Kj.1956	G.Kj.	
Svörtuöldur	Göngur og réttir 1948		

ÖRNEFNI VIÐ ÞÓRISVATN (FRH.)

Nafn	Fyrsta heimild	Höfundur	Aths.	
Útfall	Herf.1943	ÁH	= Þórisós fornt	
Útigönguhöfði	Herf.1943			
Útigönguvatn	ÁH1990			
Vatnsfell	Göngur og réttir 1948			
Vatnsfellssturður				
Vatnsfrellsstífla				
Þórisbotnar	Sv.P. 1795			= Blautukvíslarbotnar fornt
Þórisós	Björn Gunnl.1844			
Þórisósstífla				
Þóristungur	Fbs.			fornt
Þórisvatn	Sv.P.?	fornt		
Þveralda	de Fontenay 1926			

JARÐFRÆDILEGAR NAFNGIFTIR

Nafn	Fyrsta heimild	Höfundur	Aths.
Botnagígar		EGV	
Botnahraun		EGV	
Drekahraun		EGV	
Flagðahraun		Pálmi Hannesson	
Gráhraun		EGV	
Háahraun		EGV	
Máðahraun		EGV	
Rauðhólshraun		EGV	
Tröllahraun		Pálmi Hannesson	
Vatnaölduhraun			
Veiðivatnahraun			

